

Mál nr. 191/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar.**

Maður hlaut kviðslit við að ýta bifreið þann 21.2.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 26.9.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 8.10.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu kveðst M hafa verið að ýta vélarvana bifreið er honum skrikaði fótur, en við það hafi hann hlotið kviðslit hægra megin í nára.

M hefur krafist bóta úr slysátryggingu hjá vátryggingafélaginu X, en félagið hefur hafnað bótaskyldu þar sem það telur að ekki hafi verið um slys að ræða í skilningi vátryggingarskilmála.

Álit.

Samkvæmt gr. 2.2 í skilmálum fyrir þá vátryggingu sem M krefst bóta úr segir að með orðinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur tjóni á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Gögn málsins eru mjög fátækleg um slysið og þá áverka sem M varð fyrir. Þannig liggja t.d. engin læknisfræðileg gögn fyrir í málinu. Ekki hefur verið sýnt fram á það með gögnum málsins að M hafi hlotið kviðslitið við það að honum skrikaði fótur. Af þessu leiðir að ekki er fullnægt því skilyrði að skyndilegur utanaðkomandi atburður hafi valdið tjóninu svo um slys geti verið að ræða eins og það er skilgreint í skilmálum. Bótaskylda er því ekki fyrir hendi úr slysátryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr slysátryggingu hjá X.

Reykjavík, 4. nóvember 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.